

26. ágúst 2026

Fréttatilkynning: Afkoma Sýnar hf. á öðrum ársfjórðungi ársins 2026.

Áframhaldandi vöxtur og lykilmælikvarðar styrkjast

Sýn hf. birtir í dag uppgjör fyrir annan ársfjórðung og fyrri helming ársins 2026 sem endurspeglar áframhaldandi vöxt í kjarnastarfsemi og bætta rekstrarafkomu. Heildartekjur á öðrum ársfjórðungi námu 5.559 m.kr. og jukust um 2,8% milli ára. Leiðrétt fyrir áhrifum af Sendafélaginu nam tekjuvöxturinn 5,5%. Vöxtur á fjórðungnum var einkum borinn uppi af kjarnastarfsemi félagsins. Tekjur af fjölmiðlun jukust um 12,3% milli ára, auglýsingasala um 9,1%, farsímatekjur um 7,0% og internettekjur um 2,1%.

Samhliða tekjuvexti hefur áframhaldandi kostnaðaraðhald og aukin skilvirkni í rekstri skilað sér í lægri kostnaðargrunni og sterkari lykilmælikvörðum. Heildarrekstrarkostnaður lækkar um 2,3% milli ára, þrátt fyrir 93 m.kr. kostnaðarauka vegna breytts rekstrarfyrirkomulags á Sendafélaginu. Laun og launatengd gjöld lækka um 3,1%, þrátt fyrir kjarasamningsbundnar hækkanir, og annar rekstrarkostnaður lækkar um 8,4% í krefjandi efnahagsumhverfi.

EBITDAaL nam 995 m.kr. á öðrum ársfjórðungi og hækkar um 39,0% frá sama tímabili í fyrra. Fjárfestingar námu 691 m.kr. og EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum nam 305 m.kr., samanborið við 92 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2025.

Handbært fé frá rekstri á 2F 2026 nam 871 m.kr. samanborið við 481 m.kr. á 2F 2025 og hækkar um 390 m.kr. milli ára.

Samningaviðræðum við Ása hf. um kaup á vef- og útvarpsmiðlum Sýnar lauk í ágúst án þess að endanlegur kaupsamningur væri undirritaður. Vef- og útvarpsmiðlar félagsins verða því áfram hluti af rekstri Sýnar. Um er að ræða öflugar einingar í góðum rekstri sem búa yfir miklum möguleikum til áframhaldandi vaxtar og verðmætasköpunar. Þær munu því áfram styðja við kjarnastarfsemi félagsins. Niðurstaðan hefur engin áhrif á útgefna afkomuspá félagsins fyrir árið 2026.

Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri:

„Fyrri árshelmingur 2026 staðfestir áframhaldandi jákvæðan viðsnúning í rekstri Sýnar. EBITDAaL jókst um 42% á milli ára og nam 1.837 m.kr. Lykilmælikvarði félagsins, EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum, nam 310 m.kr. samanborið við 192 m.kr. á sama tímabili í fyrra, þrátt fyrir umtalsvert meiri fjárfestingar í sýningarréttum.

Kjarnastarfsemin heldur áfram að vaxa. Leiðrétt fyrir áhrifum af Sendafélaginu jukust tekjur um 6% á fyrri árshelmingi, þar sem fjölmiðlun, auglýsingasala og farsími leiddu vöxtinn. Fjölmiðlastarfsemin vex um 13% á milli ára, en hún stafar aðallega af Enska boltanum og fjölgun sjónvarpsáskrifta. Afskriftir sýningarrétta setja mark sitt á afkomu eftir skatta og skýra að tap annars ársfjórðungs jókst á milli ára, en undirliggjandi rekstur heldur áfram að styrkjast og tap fyrri árshelmingis dregst saman frá sama tíma í fyrra.

Á sama tíma höldum við áfram að einfalda reksturinn. Launakostnaður lækkar um 4,6% á milli ára og stöðugildi voru 367 í lok tímabilsins samanborið við 414 fyrir ári. Fjárhagsstaðan styrkist jafnt og þétt; handbært fé frá rekstri jókst um 45% á milli ára og hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga hafa lækkað um rúman milljarð frá áramótum. Félagið hefur því aukið svigrúm til að fjárfesta í kjarnastarfseminni.“

Helstu niðurstöður í rekstri á fyrri helmingi ársins 2026

Tekjuskipting (m.kr.)	2F 2026	2F 2025	Br.	Br. %	1H 2026	1H 2025	Br.	Br. %
Internet	1,219	1,194	25	2.1%	2,459	2,392	67	2.8%
Farsími	947	885	62	7.0%	1,855	1,683	172	10.2%
IoT	52	74	-23	-30.4%	105	171	-66	-38.8%
Fastíma	109	112	-3	-2.7%	223	221	1	0.6%
Fjölmiðlun	1,936	1,724	212	12.3%	3,880	3,382	498	14.7%
Auglýsingasala	767	703	64	9.1%	1,424	1,304	120	9.2%
Vörusala	232	211	21	9.8%	479	474	5	1.0%
Hýsingar- og rekstrarlausnir	61	117	-56	-47.6%	118	234	-117	-49.7%
Aðrar tekjur	151	165	-14	-8.5%	304	371	-67	-18.0%
Samtals án Sendafélags	5,473	5,186	287	5.5%	10,847	10,233	614	6.0%
Sendafélag	86	221	-136	-61.3%	173	445	-272	-61.2%
Samtals	5,559	5,407	152	2.8%	11,020	10,677	342	3.2%

Rekstrartekjur félagsins á fyrri helmingi ársins 2026 námu 11.020 m.kr. og nam hækkunin 6,0% þegar leiðrétt var fyrir áhrifum af Sendafélaginu. Tekjur af kjarnastarfsemi félagsins, interneti, farsíma, fjölmiðlun og auglýsingasölu halda áfram að aukast milli ára. Farsímatekjur hækka um 10,2% sem skýrist bæði af vexti í farsímaáskriftum og auknum tekjum af gestareiki. Fjölmiðlatekjur hækka um 14,7% milli ára. Leiðrétt fyrir breyttri lotun fjölmiðlastyrks, sem nú er tekjufærður yfir árið en var áður tekjufærður á fjórða ársfjórðungi, nam vöxturinn 12,6%. Auglýsingasala eykst um 9,2% milli ára, einkum vegna hærri auglýsingasölu á SÝN Sport. Á móti dragast tekjur af hýsingar- og rekstrarlausnum, IoT-þjónustu og aðrar tekjur saman.

Rekstrarreikningur að EBITDAaL (m.kr.)	2F 2026	2F 2025	Br.	Br. %	1H 2026	1H 2025	Br.	Br. %
Tekjur	5.559	5.407	152	2,8%	11.020	10.677	342	3,2%
KSV&þ	-2.275	-2.279	4	-0,2%	-4.548	-4.492	-56	1,2%
Laun og launatengd gjöld	-1.482	-1.529	47	-3,1%	-3.018	-3.164	147	-4,6%
Annar rekstrarkostnaður	-515	-562	47	-8,4%	-1.042	-1.096	53	-4,9%
Rekstrarkostnaður	-4.271	-4.370	99	-2,3%	-8.608	-8.752	144	-1,6%
EBITDA	1.288	1.037	250	24,1%	2.412	1.925	487	25,3%
Hreinar leigugreiðslur	-292	-322	30	-9,2%	-575	-630	55	-8,8%
EBITDAaL	995	716	279	39,0%	1.837	1.295	542	41,8%
Fjárfestingar	-691	-624	-67	10,7%	-1.528	-1.103	-425	38,5%
EBITDAaL - fjárfestingar	305	92	212	229,6%	310	192	117	61,0%

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu (KSV&þ) á fyrri helmingi 2026 nam 4.548 m.kr. og eykst um 1,2% milli ára (2025: 4.492 m.kr.). Að teknu tilliti til 189 m.kr. aukins beins kostnaðar til Sendafélagsins vegna breytinga á rekstrarfyrirkomulagi lækkar KSV&þ félagsins um 2,9% milli ára.

Laun og launatengd gjöld námu 3.018 m.kr. á fyrri helming 2026 og dragast saman um 4,6% milli ára (2025: 3.164 m.kr.). Eignfærður launakostnaður lækkar um 79,2 m.kr. milli ára. Þá er gjaldfærður kostnaður vegna kaupréttá um 18,2 m.kr. á tímabilinu.

Annar rekstrarkostnaður nam 1.042 m.kr. á fyrri helmingi ársins samanborið við 1.096 m.kr. á sama tímabili í fyrra og lækkar um 4,9% milli ára. Lækkunin skýrist meðal annars af minni aðkeyptri þjónustu á tímabilinu og aukinni skilvirkni í rekstri.

EBITDA hækkar um 25,3% milli ára og nam 2.412 m.kr. (2025: 1.925 m.kr.).

Hreinar leigugreiðslur námu 575 m.kr. og lækka um 8,8% milli ára.

EBITDAaL nam 1.837 m.kr. á tímabilinu, samanborið við 1.295 m.kr. árið 2025 og eykst um 41,8%.

EBITDAaL að fráðregnum fjárfestingum nam 310 m.kr. á fyrri helmingi ársins samanborið við 192 m.kr. á sama tímabili í fyrra og eykst því um 117 m.kr. milli ára, sem má einkum rekja til bættrar rekstrarafkomu.

Rekstrarreikningur frá EBITDAaL (m.kr.)	2F 2026	2F 2025	Br.	Br. %	1H 2026	1H 2025	Br.	Br. %
EBITDA	1,288	1,037	250	24.1%	2,412	1,925	487	25.3%
Afskriftir	-1,242	-972	-270	27.8%	-2,445	-2,001	-443	22.2%
Fjármagnsliðir	-308	-284	-23	8.1%	-604	-578	-26	4.5%
Áhrif hlutdeildarféлага	-7	0	-8	-	3	2	1	76.0%
Hagnaður/Tap fyrir skatta	-269	-219	-50	22.8%	-633	-652	19	-3.0%
Skattar	54	45	10	21.3%	127	134	-7	-5.1%
Hagnaður/Tap eftir skatta	-215	-174	-41	23.3%	-506	-518	12	-2.2%

Afskriftir á fyrri helmingi ársins námu samtals 2.445 m.kr. og aukast um 22,2%, einkum vegna aukinna afskrifta af sýningarréttum.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 604 m.kr., samanborið við 578 m.kr. í fyrra, sem er 4,5% hækkun milli ára og skýrist að mestu af meiri gengishagnaði í fyrra.

Tap eftir skatta nam 506 m.kr. á 1H 2026, samanborið við 518 m.kr. á samanburðartímabilinu og lækkar um 12 m.kr.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	1H 2026	1H 2025	Br.	Br.%
Tap tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi	-506	-518	12	-2,3%
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi	2.936	2.461	475	19,3%
Veltufé frá rekstri	2.430	1.943	487	25,1%
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	107	-2	109	-
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	2.537	1.941	596	30,7%
Hrein greidd vaxtagjöld	-611	-610	-1	0,2%
Handbært fé frá rekstri	1.926	1.331	595	44,7%

Veltufé frá rekstri nam 2.430 m.kr. og hækkar um 487 m.kr. milli ára. Skýrist hækkun milli ára að mestu af hærri afskriftum á 1H 2026. Handbært fé frá rekstri nam 1.926 m.kr. samanborið við 1.331 m.kr. á 1H 2025 og hækkar um 595 m.kr. milli ára.

Fjárfestingahreyfingar	1H 2026	1H 2025	Br.	Br.%
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	-137	-139	2	-2%
Fjárfestingar í ófnislegum eignum	-263	-244	-19	8%
Fjárfestingar í sýningarréttum	-1.128	-720	-408	57%
Fjárfestingar	-1.528	-1.103	-425	38%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	945	0	945	-
Fjárfestingahreyfingar samtals	-583	-1.103	520	-47%

Fjárfestingar á 1H 2026 námu 1.528 m.kr. samanborið við 1.103 m.kr. árið áður og hækka um 425 m.kr. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum eru sambærilegar milli ára en fjárfestingar í ófnislegum eignum hækka um 8%. Fjárfestingar í sýningarréttum námu 1.128 m.kr. samanborið við 720 m.kr. á fyrra ári. Hækkunin milli ára skýrist af fjárfestingu í Enska boltanum sem var ekki inni í tölum á fyrri hluta síðasta árs. Aðrar fjárfestingahreyfingar eru jákvæðar um 945 m.kr. á tímabilinu, þar af 938 m.kr. greiðsla frá Sendafélaginu og 7 m.kr. arðgreiðsla.

Fjármögnunahreyfingar	1H 2026	1H 2025	Br.	Br.%
Afborganir vaxtaberandi skulda	-169	-169	0	0%
Rekstrarlán, breyting	-894	353	-1.247	-354%
Afborgun leiguskuldbindinga	-275	-327	51	-16%
Fjármögnunahreyfingar samtals	-1.338	-143	-1.196	837%

Afborganir vaxtaberandi skulda námu 169 m.kr. á 1H 2026 og niðurgreiðsla rekstrarláns nam 894 m.kr., en greiðsla frá Sendafélaginu var nýtt til niðurgreiðslu skulda.

Efnahagur 30. júní 2026:

Efnahagsreikningur	30.6.2026	31.12.2025	Br.	Br. %
Fastafjármunir	22,941	24,304	-1,363	-5.6%
Veltufjármunir	6,515	6,558	-43	-0.7%
Eignir samtals	29,456	30,862	-1,406	-4.6%
Eigið fé	7,563	8,050	-487	-6.1%
Langtímaskuldir	14,931	15,615	-684	-4.4%
Skammtímaskuldir	6,962	7,197	-235	-3.3%
Skuldir samtals	21,893	22,812	-919	-4.0%
Eigið fé og skuldir samtals	29,456	30,862	-1,406	-4.6%
Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	5,623	6,690	-1,067	-15.9%
Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingu	17,815	19,097	-1,282	-6.7%

Heildareignir félagsins í lok annars fjórðungs námu 29.456 m.kr. samanborið við 30.862 m.kr. í lok árs 2025. Eigið fé í lok annars fjórðungs nam 7.563 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 25,7%. Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga námu 5.623 m.kr. en voru 6.690 m.kr. í lok árs 2025. Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingum námu 17.815 m.kr. og lækka um 1.282 m.kr. frá árslokum 2025.

Horfur og afkomuspá

Niðurstöður fyrri helmingis ársins 2026 eru umfram væntingar stjórnenda. EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum er yfir áætlun, þó hluti jákvæða fráviksins skýrist af hliðrun fjárfestinga milli tímabila. EBITDAaL á fyrri helmingi ársins var jafnframt yfir áætlun.

Stjórnendur staðfesta áður útgefna afkomuspá fyrir árið 2026 óbreytta. EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum er áfram áætlað á bilinu **800–1.200 m.kr.**

Fjárhagsdagatal:

✓ Afkoma 3F 2026	5. nóvember 2026
✓ Afkoma 4F og ársuppgjör 2026	18. febrúar 2027
✓ Aðalfundur 2027	19. mars 2027

Frekari upplýsingar

- Opinn kynningarfundur vegna uppgjörsins verður haldinn fimmtudaginn 27. ágúst kl. 8:30 í húsnæði félagsins að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Vakín er athygli á að ekki verður hægt að fylgjast með fundinum í beinu streymi.
- Tekið er á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@syn.is.
- Nánari upplýsingar má nálgast á síðu fjárfestatengsla Sýnar á <https://syn.is/fjarfestatengsl> og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.